

Alþingi - skrifstofa
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 29. 11. 2002
R0200237/115
VL/ev

Efni: Umsögn um þingmál 357, 336 og 345 um Vísinda- og tækniráð og opinberan stuðning við vísindarannsóknir, tækniþróun og nýsköpun

Formaður, framkvæmdastjóri og tveir meðlimir Rannsóknarráðs Íslands áttu þátt í endurskoðun frumvarps um stuðning við vísindarannsóknir og gafst tækifæri á athugasemdum við frumvörp um stuðning við tækniþróun og nýsköpun og um Vísinda- og tækniráð. Rannsóknarráði voru kynnt frumvörpin á undirbúningsstigi og telur afar jákvætt að tími gafst til að athuga frumvörpin betur og samræma þau. Lítur ráðið svo á að gerðar hafi verið mikilvægar breytingar á frumvörpunum og bættur skilningur náðst á leiðum til að framkvæma löginn þannig að tryggð verði sem mest samfella milli grunnrannsókna, hagnýtra rannsókna og stuðnings við nýsköpun. Ennfremur miða breytingarnar að því að löginn nái til allra sviða vísinda, atvinnuvega og annarra þátta þjóðlífs þar sem nýrrar þekkingar er þörf.

Rannsóknarráð telur frumvörp þessi í núverandi búningi líkleg til að leiða til framfara í mörkun og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu á Íslandi. Löginn munu gera nýjar kröfur til þeirra sem koma að framkvæmd þessara mála. Því skiptir höfuð máli hvernig til tekst um samstarf milli ráðherra og annarra þeirra sem sitja í Vísinda- og tækniráði og um samstarf milli ráðuneytanna sem koma að skipun þess og starfsnefnda sem falla undir löginn. Ráðið telur hins vegar góðar líkur á að vel takist til í því efni og vísar til jákvæðrar reynslu af framkvæmd þessara mála í Finnlandi innan skipulags sem er að mörgu leyti hliðstætt.

Meðfylgjandi er stutt samantekt framkvæmdastjóra Rannsóknarráðs Íslands um kynnisferð til Finnlands sem skipulögð var fyrir menntamálaráðherra, Tómas Inga Olrich, í september s.l. og nokkrir þingmenn ásamt fulltrúum ráðuneyta, Rannsóknarráðs og Samtaka iðnaðarins tóku þátt í. Einnig fylgja afrit af gögnum sem menntamálaráðherra og fylgdarliði voru kynnt í ferðinni.

Ráðið leggur fyrir sitt leyti til að frumvörpin verði samþykkt, sem næst óbreytt. Undanskilið er þó bráðabirgðaákvæði í frumvarpi menntamálaráðherra sem nauðsynlegt er að lagfæra.


Þar stendur í þriðja málslið:

“Rannsóknarráð Íslands samkvæmt lögum nr. 61/1994 skal vinna að undirbúningi tillagna um úthlutunarreglur skv. 8. gr. laga þessara um styrkveitingar á árinu 2003, þó eigi lengur en til 30. mars, 2003. Skipað skal í stjórn Rannsóknasjóðs samkvæmt lögum þessum eigi síðar en 1. apríl, 2003.”


Hér þarf að tryggja umboð Rannsóknarráðs til úthlutunar 2003 og undirbúnings úthlutunar 2004 en ekki 2003 sem þegar liggur fyrir. Lagt er til að málsgreinin hljóði þannig (breytingar feitletraðar):

*Rannsóknarráð Íslands samkvæmt lögum nr. 61/1994 skal **annast úthlutun styrkja úr sjóðum í vörslu ráðsins á árinu 2003 og jafnframt** vinna að undirbúningi tillagna um úthlutunarreglur skv. 8 gr. laga þessara um styrkveitingar á árinu **2004** ~~2003~~, þó eigi lengur en til 30. mars, 2003. Skipað skal í stjórn Rannsóknasjóðs samkvæmt lögum þessum eigi síðar en 1. apríl, 2003.*

Virðingarfyllst
f.h. Rannsóknarráðs Íslands



Hafliði P. Gíslason
Formaður



Vilhjálmur Lúðvíksson
Frankvæmdastjóri